KLASSÍKIN

FIMMTUDAGUR


● **Sinfóníuhljómsveit Íslands** heldur Vínartónleika.
Flutt verða verk eftir Nico Dostal, Eduard Künnecke, Johann



Strauss, Franz von Suppé, Robert Stolz, Jacques Offenbach, Emil N. von Reznicek og Josef Strauss. Einsöngvari er austurríska óperusöngkonan Milena Rudiferia. Hljómsveitarstjóri er Páll P. Pálsson.
Háskólabíó kl. 20..

● **Smietana & Tosik-Warszawiak**. Krzysztof Smietana fiðluleikari og Jacek Tosik-Warszawiak pianóleikari halda tónleika norðan heiða. *Akureyrarkirkja kl. 20.30.*

SUNNUDAGUR



● **Tríó Reykjavíkur** heldur tónleika á vegum Kammermúsíkklúbbsins. Guðný Guðmundsdóttir leikur á fiðlu, Gunnar Kvaran á selló og Halldór Haraldsson á píanó. Á efnisskrá eru verk eftir Schumann og Tchaikovsky. *Bústaðakirkja kl. 20.30.*

● Hugarheimur helgikvæða og tungutak miðaldaskálda nefnist dagskrá sem Vésteinn Ólason og Ásdís Egilsdóttir taka saman í tali og tónum í samvinnu við Ríkisútvarpið. *Hallgrímskirkja kl. 17.*

LEIKHÚS

FIMMTUDAGUR


● **My Fair Lady**. Stefán Baldursson leikstjóri hefur skilið nauðsyn góðrar útfærslu vel og kostar miklu til. Úrvalsfólk er á hverjum pósti undir styrkri stjórn Stefáns, segir Lárus Ýmir Óskarsson í leikdómi. *Þjóðleikhúsið kl. 20.*

● **Ríta gengur menntaveginn**. Fyrir þá leikhúsgesti sem ekki eru að eltast við nýjungar, heldur gömlu góðu leikhússkemmtunina, skrifar Lárus Ýmir. *Þjóðleikhúsið, litla svið, kl. 20.30.*

● **Stræti**. Þessi sýning er gott dæmi um það hve stílfærður og stór leikur fer vel á sviði, segir Lárus Ýmir í leikdómi. *Þjóðleikhúsið, Smíðaverkstæði kl. 20.*

FÖSTUDAGUR

● **My Fair Lady**. *Þjóðleikhúsið kl. 20.*



● **Drög að svínasteik**. Eggleikhúsið sýnir einleikinn fræga eftir Frakkann Raymond Cousse í samvinnu við Þjóðleikhúsið. Verkið hefur verið þýtt á yfir 20 tungumál og er eitt mest flutta franska leikritið hin síðari ár. Viðar Eggertsson fer með hlutverk svínsins. Leikstjóri er Ingunn Ásdísardóttir. *Þjóðleikhúsið, Smíðaverkstæði kl. 20.30.*



● **Platanov**. Sýningin á Platanov er þétt og vel leikin og skemmtileg, stendur í leikdómi Lárusar Ýmis. *Borgarleikhúsið, litla svið, kl. 17.*

● **Vanja frændi**. Vanja geldur samflotsins við Platanov, að því er fram kemur í leikdómi Lárusar Ýmis. *Borgarleikhúsið, litla svið, kl. 20.*

● **Hræðileg hamingja**. Ég mæli með þessari sýningu vegna leikritsins, skemmtilegs leikrýmis og listar leikarans, sem þarna er iðkuð af lífi og sál, skrifar Lárus Ýmir. *Alþýðuleikhúsið, Hafnarhúsinu, kl. 20.30.*

● **Útlendingurinn**. Gamanleikur eftir bandaríska leikskáldið Larry Shue sýndur norðan heiða. Þráinn Karlsson fer með hlutverk aðalpersónunnar, Charlies, sem þjáist af feimni og minnimáttarkennd. Leikstjóri er Sunna Borg. *Leikfélag Akureyrar kl. 20.30.*

LAUGARDAGUR

● **My Fair Lady**. *Þjóðleikhúsið kl. 20.*

● **Drög að svínasteik**. *Þjóðleikhúsið, Smíðaverkstæði, kl. 20.30.*

● **Ríta gengur menntaveginn**. *Þjóðleikhúsið, litla svið, kl. 20.30.*

● **Heima hjá ömmu**. Margt er ágætt um þessa sýningu að segja, þó er eins og flest sé þar í einhverju meðallagi, skrifar Lárus Ýmir. Næstsíðasta sýning. *Borgarleikhúsið kl. 20.*

● Platanov. *Borgarleikhúsið, litla svið, kl. 17.*

● **Vanja frændi**. *Borgarleikhúsið, litla svið, kl. 20.*

● **Aurasálin**. Halaleikhópurinn frumsýnir hinn fræga gamanleik Molières. Aðalhlutverk er í höndum Ómars Braga Walderhaug. Leikstjórar eru Guðmundur Magnússon og Þorsteinn Guðmundsson. *Félagsmiðstöðin Árseli, Breiðholti, kl. 20.30.*

● **Hræðileg hamingja**. *Alþýðuleikhúsið, Hafnarhúsinu kl. 20.30.*

● **Útlendingurinn**. *Leikfélag Akureyar kl. 20.30.*

SUNNUDAGUR

● **Ronja ræningjadóttir**. Það er mikill styrkur fyrir sýninguna að svo snjöll leikkona sem Sigrún Edda Björnsdóttir getur leikið hina tólf ára gömlu Ronju án þess að maður hugsi mikið út í aldursmuninn, segir Lárus Ýmir Óskarsson í leikdómi. *Borgarleikhúsið kl. 14 og 17.*

● **Dýrin í Hálsaskógi**. Hlutverkaskipan er að því leyti sérkennileg að Mikki refur hefði komist tvöfaldur fyrir inni í Lilla klifurmús, svo vitnað sé í leikdóm Lárusar Ýmis Óskarssonar. *Þjóðleikhúsið kl. 14 og 17.*

Garðskapur og skáldyrkja

IAN HAMILTON FINLAY Á KJARVALSSTÖÐUM



Ian Hamilton Finlay er líklega þekktasti myndlistarmaður Skota á alþjóðavettvangi, en ekki eingöngu fyrir þau listaverk sem hann sendir á sýningar. Hann er frægur fyrir bústað sinn, sem stendur uppi á heiði og nefnist Litla Sparta. Þar hefur hann helgað Appólóni hof og ræktað garð að klassískri fyrirmynd og hefur hróður hans borist víða. Finlay er líka frægur að endemum fyrir útistöður og þrætur sem hann hefur átt í við skosk og frönsk yfirvöld, og yfirleitt alla þá sem fara í taugarnar á honum. Hann hefur því ekki aðeins orð á sér fyrir að vera athyglisverður listamaður, heldur einnig umdeildur og þrætugjarn.

Það er töluverður fengur að því að fá verk eftir þennan umtalaða og ómannblendna listamann hingað til lands. Sýningin er yfirgripsmikil og fjöldinn allur af sýningarmunum. Mörgum sem ekki hafa kynnst list hans áður kann að þykja sýningin stór skammtur og þungmeltur. Ástæðan er m.a. sú að meginhersla er lögð á orðlist Finlays, í ýmsum myndum; bækur, grafík, veggspjöld, kort, smá og stór, og neonljós. Hvarvetna blasa við konkret-ljóð, áletranir, tilvitnanir, spakmæli og stök orð, á þremur tungumálum, ensku, frönsku og latínu. Reyndar byrjaði Finlay feril sinn sem skáld og smásagnahöfundur. Árið 1961 stofnaði hann ásamt öðrum Wild Hawthorn Press til að gefa út bókverk annarra listamanna, en upp á síðkastið hefur útgáfan aðallega gefið út hans eigin verk. Hann fór fljótlega að fikra sig áfram út í myndrænni verk og nú er yfirleitt litið á hann sem myndlistarmann. Þess má geta að hann vinnur verk sín í samvinnu við færustu handverksmenn á sínu sviði.

Bókmenntalegur bakgrunnur hans segir þó sterklega til sín, því hann notar bókmenntaleg merkingarbrigði jafnt í myndum sem orðum. Víða er að finna tilvísanir í forna klassíska menningu og nýklassík, og Hamilton hefur sérstakt yndi af rómverskri leturgerð. En stundum á klassísk menning undarleg stefnumót við samtímann í verkum Finlays. Á einum stað má sjá mynd af þýskum skriðdreka og undir stendur skrifað „Arcadia", sem var friðsamur sæludalur grískrar goðafræði. Á þýsku eru skriðdrekar kallaðir „Panzer", en einn af íbúum Arkadíu var hjarðguðinn Pan, sem lék á samnefnda flautu og þótti kvensamur úr hófi fram.

„Mig grunar að áhugi Finlays á frönsku byltingunni stafi m.a. af því að hann saknar þeirra tíma þegar mælska gat verið skelfilegt vopn, rétt orð á réttum stað og tíma gat skilið milli feigs og ófeigs."

Franska byltingin og nýklassíska hreyfingin í listum þess tíma er viðfangsefni sem er honum sérstaklega hugleikið. Hann hefur einkum dálæti á hinum kornunga byltingarmanni og ræðuskörungi Saint-Just, sem var leiddur á höggstokkinn ásamt Robespierre aðeins tuttugu og sex ára gamall. Honum tókst samt á skammri ævi að gefa orðinu „terreur", skelfingu, nýja merkingu, og hefur orðið fyrirmynd ofstækisfullra byltingarmanna og hryðjuverkamanna nútímans. „Terror is the piety of the Revolution" (Skelfing er guðsótti byltingarinnar) er eitt spakmælið sem Finlay hefur eftir honum. Mig grunar að áhugi Finlays á frönsku byltingunni stafi m.a. af því að hann saknar þeirra tíma þegar mælska gat verið skelfilegt vopn, rétt orð á réttum stað og tíma gat skilið milli feigs og ófeigs. Það er varla að búast við því að Finlay komi af stað byltingu, en verk hans hafa stundum valdið deilum og hann hefur verið ákærður fyrir að vera öfgamaður og fasisti. Einkum hafa skírskotanir hans í stríðsrekstur nasista farið fyrir brjóstið á mönnum. Finlay var fenginn til að gera tillögu að verki í görðum Versala í tilefni af tveggja alda afmæli frönsku byltingarinnar. Verkið var aldrei sett upp vegna þess að þar brá fyrir SS-stormsveitamerki nasista (sem einnig má sjá á sýningunni á nokkrum stöðum). Finlay og stuðningsmenn mótmæltu ákaft og vændu Frakka um afbökun og ofríki; SS-merkið ætti sér lengri sögu og væri tilvísun til náttúruafla — en sitt sýnist hverjum.

Finlay er listamaður sem ætti að geta höfðað til bókmenntalega sinnaðrar þjóðar og það er kannski ástæða til að hvetja bókmenntafólk sérstaklega til að kynna sér hvernig skáld og myndlistarmaður hafa sameinast í einum manni.

Gunnar J. Árnason

Fagmennska og íþrótt

ÍSLENSK BÓKMENNTASAGA 1
MÁL OG MENNING 1992
★★★★

Mál og menning hefur ráðist í útgáfu íslenskrar bókmenntasögu sem fyrirhugað er að verði í fjórum bindum. Fyrsta bindi er komið út og fjallar um skáldskap og menningu fram að byrjun 14. aldar. Guðrún Nordal, Sverrir Tómasson og Vésteinn Ólason eru höfundar efnis og þau hafa unnið verk sitt af fagmennsku og íþrótt og skilað af sér einstaklega skilmerkilegum og fróðlegum greinum sem eru auk þess vel skrifaðar.

Vésteinn Ólason er ritstjóri þessa bindis. Hann ritar ítarlegar greinar um fornan kveðskap og vísdómsrit. Sverrir Tómasson skrifar um veraldlega sagnaritun frá 1120–1400, að Sturlungu undanskilinni, en um hana skrifar Guðrún Nordal.

Bókin er unnin af miklum metnaði og einkennist af yfirvegaðri fræðimennsku. Jafnframt því að skýra frá einkennum bókmenntanna, endursegja efni í stuttu máli og leggja mat á listfengi og boðskap er fjallað um menningu og aldarfar. Kenningum fræðimanna, erlendra jafnt sem innlendra, eru gerð skil þegar við á. Þetta er hógvær fræðimennska að því leyti að höfundar leitast heldur eftir því að halda sig í bakgrunni, slá ekki um sig með byltingarkenndum heimasmíðuðum kenningum, en koma þó sínu að og notast þá yfirleitt við jafn prúðmannlega aðferð og Vésteinn Ólason þegar hann skrifar um aldur Hamðismála: „Hér verður engin tilraun gerð til að kveða upp Salómonsdóm… en eðlilegast virðist…" — og síðan segir Vésteinn það sem honum þykist eðlilegast að ætla í sambandi við þau mál öll.

Ritgerðirnar eiga það allar sammerkt að viðkomandi efni er gert mjög aðgengilegt og málin aldrei flækt að óþörfu. Besta dæmið er að mínu mati sá kafli sem tengist dróttkvæðum, hann er vel og skemmtilega unninn og framsetning svo skýr að lesandi sem nær ónæmur hefur verið fyrir snilld dróttkvæða er líklegur til að fljúga ansi langt til skilnings eftir lesturinn. Það er enginn drungi yfir framsetningu höfunda heldur má víða finna léttleika og kímni án þess þó að þeir kasti af sér fræðimannakuflinum.

„Hefði mér einungis staðið til boða að halda eftir einni þeirra jólabóka sem nú komu á markað hefði ég valið þessa."

Allir fræðimennirnir skrifa mjög skýran og aðgengilegan stíl. Sverrir og Vésteinn skrifa yfirleitt eins og veraldarvanir fræðimenn sem láta ekkert koma sér á óvart meðan texti Guðrúnar býr yfir meiri tilfinningu og þar er víða talað um „ógnvænlegan harmleik", „hörmulega atburði" eða ritaðar setningar á borð við þessa: „Þessi frásögn er skelfileg í einfaldleika sínum." Efni Sturlungu býður sannarlega upp á athugasemdir af þessu tagi.

Hefði mér einungis staðið til boða að halda eftir einni þeirra jólabóka sem nú komu á markað hefði ég valið þessa. Eigi að dæma eftir þessu bindi er nú væntanlega að koma á markað í fjórum bindum sú veglega bókmenntasaga sem beðið hefur verið eftir. Í síðasta bindi hennar verður væntanlega felldur hógvær hæstaréttardómur þess efnis hvað merkast sé í samtímabókmenntum okkar. Við bíðum í óþreyju.

Ekkert hefur verið til sparað við gerð þessarar bókar. Hún er vel sett upp, prentuð á vandaðan pappír og ríkulega myndskreytt, en litprentanir hefðu mátt sjást. Kápan er fulldeyfðarleg en þegar hún er tekin af bókinni sér í fallegan kjöl.

Kolbrún Bergþórsdóttir